

Lög Foreldrafélags Naustaskóla

1. grein Félagið heitir Foreldrafélag Naustaskóla. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.
2. grein Markmið félagsins er að:
 - vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
 - efla gott samstarf foreldrafélags og skólastjórnenda
 - styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
 - koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
 - standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska
3. grein Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:
 - koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
 - standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með því að gera fundargerðir aðgengilegar og annað er viðvíkur starfsemi félagsins
 - styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
 - taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðaráð og landssamtök foreldra
4. grein Stjórn félagsins skipa að lágmarki 5 foreldrar/forráðamenn, þar af sé a.m.k. einn sem einnig hefur verið kosinn í skólaráð. Stjórn skal kjörin til a.m.k. tveggja ára í senn. A.m.k. tveir varamenn skulu kjörnir. Formaður skal kosinn sérstaklega, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð ritara, gjaldkera og meðstjórnendum. Aldrei skulu fleiri en þrjú ganga úr stjórn í einu.
5. grein Stjórn skólans ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir þrjú til fjórir fulltrúar forráðamanna úr hverjum árgangi. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð skólans og hlutverk þeirra er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna. Meðlimur fulltrúaráðs situr í stjórn foreldrafélagsins. Fulltrúaráðið skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á skólaárinu og oftar ef þurfa þykir. Fyrsti fundur

skal haldinn í upphafi skólaárs. Þar skulu rædd mál er varðar markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni foreldraráðs.

Fulltrúaráð aðstoðar stjórn foreldrafélagsins í stærri verkefnum.

6. grein Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við skólaráð með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns Foreldrafélagsins og annarra stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla skólaráðs (fulltrúa foreldra)
- Kosning fulltrúa í skólaráð
- Önnur mál

7. grein Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.

8. grein Félagsstjórn skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmann skólans. Fulltrúar foreldra í skólaráði eru rétti aðilinn til að koma á framfæri athugasemdum eða viðhorfum foreldra við stjórn skólans.

9. grein Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

10. grein Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á aðalfundi og renna þá eignir þess til skólans.

11. grein Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.